

1992 nr. 36 27. maí**Lög um Fiskistofu**

Tóku gildi 10. júní 1992; komu til framkvæmda 1. september 1992. Breytt með l. 92/1992 (tóku gildi 1. jan. 1993), l. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 81/2008 (tóku gildi 1. júlí 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

I. kafli.

■ **1. gr.** Fiskistofa skal starfa að stjórnarsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegs mála, [lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl.],¹⁾ svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir [ráðherra].²⁾

¹⁾ L. 81/2008, 14. gr. ²⁾ L. 126/2011, 165. gr.

■ **2. gr.** Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. [Einnig skal Fiskistofa annast stjórnarsýslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.]¹⁾ Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs mála,

[lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl.]¹⁾ sem og önnur verkefni sem stofunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

¹⁾ L. 81/2008, 15. gr.

■ **3. gr.** [Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

¹⁾ L. 83/1997, 144. gr. ²⁾ L. 126/2011, 165. gr.

■ **4. gr.** [Fiskistofa getur með heimild ráðherra, og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands, falið öðrum tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs.]¹⁾

¹⁾ L. 144/1995, 15. gr.

II. kafli. . . .**III. kafli.**

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. . . .